

10. október 2014 | Aðsent efni | 498 orð | 1 mynd

## Jón Steinar Gunnlaugsson, heldur margur mig sig?

Eftir Atla Gíslason

Eftir Atla Gíslason: "Þeir sem standa í fremstu víglínu þjóðmálaumræðu veita og fá á sig þústra og sækja síður æru sína fyrir dómi."

Morgunblaðið birti 27. september 2014 grein eftir Jón Steinar Gunnlaugsson undir fyrirsögninni „Verðandi hæstaréttardómarar?“ Greinin er skrifuð í tilefni af dómi Hæstaréttar uppkveðnum 25. september 2014 þar sem Þorvaldur Gylfason, prófessor, var sýknaður af kröfum Jóns Steinars í meiðyrðamáli gegn honum. Taldi Jón Steinar að Þorvaldur hefði dróttað að honum að hafa samið kæru til Hæstaréttar um gildi kosninga til stjórnlagapings á árinu 2010 og stýrt síðan afgreiðslu málsins í Hæstarétti. Að mati Jóns Steinars ásakar Þorvaldur hann um að hafa gerst sekur um refsiverða háttsemi í embætti sínu sem dómari við Hæstarétt Íslands, sbr. 235. gr. almennra hegningarlaga.

Hæstiréttur rökstyður dóm sinn aðallega með því að Jón Steinar hafi tekið virkan þátt í þjóðfélagsumræðu um ýmis málefni og verið talsmaður þess að dómarar verði að þola gagnrýni á störf sín á opinberum vettvangi. Sömu eða svipuð sjónarmið eru þekkt úr ærumeiðingarmálum. Þeir sem standa í fremstu víglínu þjóðmálaumræðu veita og fá á sig þústra og sækja síður æru sína fyrir dómi. Það á við um Jón Steinar sem er þekktur „slagmálhundur“ á vígvöllum þjóðmálabaráttunnar. Þetta eru hins vegar sjónarmið sem ástæða er til að gaumgæfa meðal annars út frá jafnréttishugmyndum. Sjálfur er ég þeirra skoðunar að þeir sem reiða hátt til höggs geti vart vænst þess að dómstólar veiti þeim réttarvernd gegn andstæðingi sem svarar í sömu mynt. Er grunnhugmyndum um jafnrétti borgaranna raskað í þeim tilvikum? Ég efast um það en er hugsí.

Erindi mitt með þessari grein er annað, það er meginefni greinar Jóns Steinars, hugleiðingar hans um setta dómara Hæstaréttar í málinu. Fyrirsögn Morgunblaðsgreinar Jóns Steinars segir sitt. Hana virðist Jón Steinar skýra þannig í blaðagreininni: „Kannski telja héraðsdómararnir Símon Sigvaldason, Ásmundur Helgason og Ragnheiður Harðardóttir sig hafa aukið líkur sínar á því að hljóta dómaraembætti í Hæstarétti á næstunni með afreksverki sínu. Þau halda áreiðanlega að framtakið hafi verið þóknlegt þeim sem þau telja að þar ráði mestu í reynd. Þau hafa að minnsta kosti sýnt að hefðbundin lagaleg aðferð tefur þau ekki frá því að komast að þóknlegum niðurstöðum. Hvenær ætlar þetta fólk að skilja að það er að skrifa ömurlega sögu sjálfs sín sem dómara með því að misnota dómsvald sitt á svo gagnsæjan hátt sem hér er raunin?“ Fyrr í greininni segir Jón Steinar: „Þeim sem þetta lesa getur ekki dulist að dómurinum er ekki sjálfrátt. Þeir hljóta að eiga einhver persónuleg erindi við mig.“ Þar fyrir utan ýjar Jón Steinar að því í grein sinni að hinir settu dómarar hafi verið undir áhrifum kaffistofuspjalls við starfsbróður sem dæmdi málið í héraði. Eru þetta ekki órökstuddar samsæriskenningar, aðdróttanir og dylgjur, alvarleg brigsli gagnvart þeim dómurum sem Jón Steinar kýs að nafngreina? Ber Jón Steinar þá ekki sambærilegum sökum og hann sótti Þorvald Gylfason fyrir? Þegar við Jón Steinar vorum samferða í lagadeildinni fyrir margt löngu kenndi okkur merkur mentor réttilega að gagnrýna dóma en ekki dómara eða fara í boltann ekki manninn. Hvað gengur Jóni Steinari til? Getur hann fært fram haldbær rök til stuðnings fullyrðingum sínum?

*Höfundur er lögfræðingur.*



Atli Gíslason